


Umhirða stafafuru

Umhirða stafafuru til að hámarka magn gæðatimburs

Umfang, aðferðir og tímasetning umhirðu skóga er nátengd markmiðum skógræktar. Þegar markmiðið er að hámarka magn hágæðatimburs til flettingar er nauðsynlegt að koma inn með réttar aðgerðir á réttum tíma.

ÁKVÖRÐUNARLYKILL FYRIR UMHIRÐU STAFAFURUSKÓGA



Öll umhirða felur í sér kostnað. Því þarf að skipuleggja eðli og umfang umhirðunnar út frá aðstæðum á hverjum stað svo kostnaður verði í samræmi við mögulegan arð af skóginum í framtíðinni. Setja ætti í forgang skógarreiti þar sem eru góðar forsendur til að rækta gæðatré. Hér til hliðar er sýnt myndrænt hvað ætti að hafa til hliðsjónar þegar ákvörðun er tekin um aðgerðir og umfang þeirra við umhirðu stafafuru.

Aðgengilegir furureitir með yfir 2.000 tré á ha og yfir 500 gæðatré á ha ættu að fá umhirðu sem miðar að því að auka gæðatimbur.

Tillaga að verklagi er að hefja umhirðu þegar trén ná um 1,5 m hæð og fjarlægja þá neðstu greinakransa, aukatoppa og aukastofna.

Við 20 ára aldur skal velja 500-600 gæðatré á ha og grisja frá þeim. Lakari tré fjarlægð og gæðatrén kvistuð upp. Halda skal áfram að kvista upp úrvalstré eftir því sem þau hækka, þar til kvistað hefur verið upp í 6 m hæð. Við uppkvistun sé miðað við að halda eftir 3-4 m krónuhæð.

Niðurstaðan verður beinvaxin tré með sívölum stofnum af kvistlitlum viði.



Hvort sem furureitur fær umfangsmikla umhirðu með það að markmiði að búa til gæðatimbur eða annars konar umhirðu eru kostirnir margs konar:

- bætt aðgengi
- fallegri skógar
- aukin líffjölbreytni í skógarbotni
- heilbrigðari skógar
- minni hættu á krónueldum
- aukin timburgæði
- kvistlaus viður í verðmætasta hluta trés

Nánar hér:



Johan Holst¹, Sigríður Hrefna Pálsdóttir²
^{1,2} Land og skógur

